

1874.
21. apríl. fê gefin verði út víxlbrêf í hverju umdæmi, svo hlutaðeigandi lögreglustjóra verði sagt fyrir það, sem með þarf, í þessu tilliti.

15. maí. **31. Brêf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald fyrir embættisferð læknis.**

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hlutaðeigandi amtmaður og sýslumaður hafa mælt fram með, þar sem héraðslæknir F. Zeuthen sækir um, að sêr verði veitt endurgjald af læknasjóðnum íslenzka fyrir embættisferð, er hann fór sem settur héraðslæknir í fyrra sumar til Skaptafellssýslu, samkvæmt brêfi dómsmálastjórnarinnar 24. janúar 1871¹, hafið þêr herra landshöfðingi, í brêfi 10. febrúar þ. á. stungið uppá, að veita megi sækjandanum, sem hefir haft talsverðan kostnað við ferð þessa, 25 rd. endurgjald af têðum sjóði.

Útaf þessu gefum vêr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þêr birtið það, að dómsmálastjórnin eptir því hvernig ástatt er, leyfir, að greiða megi hlutaðeiganda 25 rd. úr læknasjóðnum eins og þêr hafið stungið uppá.

19. maí. **32. Brêf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um breytingar á Auglýsing um póstmál 3. maí 1872.**

Í brêfi, dagsettu 31. dag janúarm., hafið þêr, herra landshöfðingi, skýrt frá, að sökum þess, að reikningar póstaðgreiðslumanna fyrir sjöundu og að nokkru leyti fyrir sjöttu póstferð á árinu 1873 eigi hefði verið komnir innan loka janúarm., og að ekki væri von á þeim fyrir marzm., og svo af því, að eigi yrði búizt við aðalviðskiptareikningnum við póststjórnina dönsku fyrir árið, sem leið, fyr en í marzm., hefðið þêr eptir tilmælum póst-

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands, III., 131.

1874.

19. maí.

meistarans veitt honum frest til 31. marzm. þ. á. með að gjöra reikning þann um hin íslenzku póstmál fyrir árið, sem leið, sem hann samkvæmt auglýsing um póstmál 3. maí 1872, 1. gr. hefði átt að hafa til innan 31. janúar þ. á. Jafnframt og þær nú mælist til, að stjórnarráðið samþykki þetta, getið þær þess, að það muni ganga svo hvert ár, að hvorki reikningarnir fyrir sjöundu póstferðina nè aðalviðskiptareikningurinn póststjórnarinnar dönsku verði kominn fyr enn í marzm., og stingið þær því uppá, að annaðhvort verði gjörð breyting á því, sem ákveðið er í 1. gr. í tæðri auglýsing um, hvenær póstreikningurinn skuli vera saminn og sendur til landshöfðingja, á þá leið, að svo verði skipað fyrir, að reikningurinn skuli vera tilbúinn innan marzm. loka á hverju ári, eða að svo verði beinlínis sagt fyrir, að ársreikningurinn um póstmálin að eins skuli ná til þeirra tekja og gjalda, sem póststofan í Reykjavík í raun og veru hefir heimt saman eða greidd af hendi fyrir lok reikningsársins.

Útaf þessu gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þær birtið það, að dómsmálastjórnin leyfir, að tæður reikningur verði eptirleiðis saminn og sendur landshöfðingja innan marzm. loka á hverju ári, og að stjórnarráðið samþykkir ráðstöfun þá, sem þær hafið gjört í þessu efni fyrir yfirstandandi ár.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kaleik og patínu handa dómkirkjunni í Reykjavík.

19. maí.

Með bræfi, dagsettu 14. dag marzm., hafið þær, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þarsem biskupinn yfir Íslandi sækir um, að kaupa megi handa Reykjavíkur dómkirkju gyltan og smeltan kaleik úr silfri og silfurpatínu, sem hin fyrri dómkirkja í Skálholti eigi; þessir munir segir hann sè alldýrmætir, sökum þess að þeir sè mjög fornir og ágætlega smíðaðir, og hafi eigendur kirkjunnar í Skálholti boðið dómkirkjunni þá fyrir